

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 137/2011

2012/EES/32/05

frá 16. febrúar 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að laga I. og IV. viðauka við hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er kveðið á um að gefa megi áburði, sem tilheyrir tegund áburðar sem skráð er í I. viðauka við þá reglugerð og uppfyllir skilyrði sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, auðkenninguna „EB-áburður“.
- 2) Kalsíumformat (CAS 544-17-2) er áburður sem inniheldur aukanæringarefni og er notaður sem blaðáburður til ávaxtaræktunar í einu aðildarríki. Efnið er skaðlaust umhverfinu og heilbrigði manna. Því ber að viðurkenna kalsíumformat sem tegund „EB-áburðar“ til að gera það aðgengilegra fyrir bændur alls staðar í Bandalaginu.
- 3) Aðlaga skal ákvæði um klóbundin snefilefni og lausnir með snefilefnum þannig að hægt sé að nota fleiri en einn klóbindil, innleiða sameiginleg gildi fyrir lágmarksinnihald vatnsleysanlegra snefilefna og tryggja að hver klóbindill, sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu snefilefnunum og er auðkenndur og magngreindur samkvæmt EN-stöðlum, sé merktur.

Nauðsynlegt er að hafa nægilega langt umbreytingartímabil til að rekstraraðilar geti selt birgðir sínar af áburði.

- 4) Sinkoxíðduft (CAS 1314-13-2) er sinkáburður sem skráður er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. Sinkoxíð í duftformi hefur hugsanlega hættu í för með sér við notkun vegna ryks. Með því að nota sinkoxíð í formi stöðugrar sviflausnar í vatni er komið í veg fyrir þessa hættu. Því ber að viðurkenna sinkáburð í sviflausn sem „EB-áburð“ til að hægt sé að nota sinkoxíð á öruggari hátt. Einnig skal leyfa notkun sinksalta og einnar eða fleiri tegunda sinkklósambanda í slíkum sviflausnum, sem eru að stofni til úr vatni, til að sveigjanleiki sé mögulegur við gerð blandna.
- 5) Í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 er að finna reglur um samsetningu og merkingu á blönduðum snefilefnaáburði (e. mixed micro-nutrient fertiliser) en slíkar blöndur eru enn ekki skráðar meðal áburðartegundanna í I. viðauka. Því er ekki hægt að selja blandaðan snefilefnaáburð sem „EB-áburð“. Því skal taka upp tegundarheiti fyrir áburðartegundir, sem innihalda snefilefni, í I. viðauka, bæði fyrir áburð í föstu formi og fljótandi áburð.
- 6) Ímínódírafsýra (hér á eftir nefnd „IDHA“) er klóbindill sem heimilt er að nota í tveimur aðildarríkjum til að úða á laufblöð, bera í jarðveg, í vatnsrækt og í fljótandi áburð. Bæta skal IDHA í skrána yfir heimilaða klóbindla í I. viðauka til að gera efnið aðgengilegra fyrir bændur alls staðar í Bandalaginu.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003 skal eftirlit með „EB-áburði“ fara fram í samræmi við þær greiningaraðferðir sem þar er lýst. Sumar aðferðir hafa þó ekki verið alþjóðlega viðurkenndar. Staðlasamtök Evrópu hafa nú þróað EN-staðla og þeir skulu koma í stað þessara aðferða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 43, 17.2.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 11/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

- 8) Fullgiltar aðferðir, sem gefnar hafa verið út sem EN-staðlar, fela yfirleitt í sér hringprófun (fjölsetra prófun) til að athuga samanburðarnákvæmni og endurtekningarnákvæmni greiningaraðferðanna á milli mismunandi rannsóknarstofa. Því skal gera greinarmun á fullgiltum EN-stöðlum og aðferðum, sem ekki eru fullgiltar, til að auðvelda sanngreiningu á þeim EN-stöðlum sem teknir hafa verið til fjölsetra prófunar til að hægt sé að tilkynna ábyrgðaraðilum á réttan hátt um tölfraðilegan áreiðanleika EN-staðlanna.
- 9) Til að einfalda löggjöf og greiða fyrir endurskoðun í framtíðinni þykir rétt að í stað texta staðlanna í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 í heild sinni komi tilvísanir í EN-staðlana sem Staðlasamtök Evrópu gefa út.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Breytingar

1. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

Ákvæði a- til e-liðar 2. liðar I. viðauka skulu gilda frá 9. október 2012 um áburð sem settur er á markað fyrir 9. mars 2011.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi færslur 2.1 og 2.2 bætast við í D-hluta:

„2.1	Kalsíumformat	Vara sem er framleidd á efnafræðilegan hátt og inniheldur kalsíumformat sem undirstöðuefni	33,6% CaO Kalsíum, gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO 56% format		Kalsíumoxíð Format
2.2	Kalsíumformat, fljótandi	Vara sem er framleidd með því að leysa kalsíumformat upp í vatni	21% CaO Kalsíum, gefið upp sem vatnsleysanlegt CaO 35% format		Kalsíumoxíð Format“

2) Hluta E.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslna 2b og 2c í hluta E.1.2 komi eftirfarandi:

„2b	Klóbundið kóbalt	Vatnsleysanleg vara sem inniheldur kóbalt sem er efnafræðilega tengt viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	5% af vatnsleysanlegu kóbalti, þar sem a.m.k. 80% af vatnsleysanlega kóbaltinu er klóbundið með viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	Heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu kóbalti og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt kóbalt (Co) Valkvætt: Heildarmagn kóbalts (Co) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Kóbalt (Co) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu kóbalti og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli
2c	Kóbaltáburður í lausn	Vatnslausn af tegund 2a og/eða 2b	2% af vatnsleysanlegu kóbalti	Skyllt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti ólifrænu mínusjónarinnar eða -jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu kóbalti ef það er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt kóbalt (Co) Valkvætt: Heildarmagn kóbalts (Co) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Kóbalt (Co) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu kóbalti og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“

b) Í stað færslna 3d og 3f í hluta E.1.3 komi eftirfarandi:

„3d	Klóbundinn kopar	Vatnsleysanleg vara sem inniheldur kopar sem er efnafræðilega tengdur viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	5% af vatnsleysanlegum kopar, þar sem a.m.k. 80% af vatnsleysanlega koparum er klóbundinn með viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	Heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu kóbalti og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegur kopar (Cu) Valkvætt: Heildarmagn kopars (Cu) sem er klóbundinn með viðurkenndum klóbindlum Kopar (Cu) sem er klóbundinn með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegum kopar og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli
3f	Koparáburður í lausn	Vatnslausn af tegund 3a og/eða 3d	2% vatnsleysanlegur kopar	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti ólifrænu mínusjónarinnar eða -jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegum kopar ef hann er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegur kopar (Cu) Valkvætt: Heildarmagn kopars (Cu) sem er klóbundinn með viðurkenndum klóbindlum Kopar (Cu) sem er klóbundinn með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegum kopar og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“

c) Í stað færslna 4b og 4c í hluta E.1.4 komi eftirfarandi:

„4b	Klóbundið járn	Vatnsleysanleg vara sem inniheldur járn sem er efnafræðilega tengt viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	5% vatnsleysanlegt járn (Fe), þar af er klóbundni hlutinn a.m.k. 80% og a.m.k. 50% af vatnsleysanlega járninu er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum	Heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu járninu og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt járn (Fe) Valkvætt: Heildarmagn járn (Fe) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Járn (Fe) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu járninu og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli
4c	Járnáburður í lausn	Vatnslausn af tegund 4a og/eða 4b	2% vatnsleysanlegt járn	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti ólifrænu mínusjónarinnar eða -jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu járninu ef það er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt járn (Fe) Valkvætt: Heildarmagn járn (Fe) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Járn (Fe) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu járninu og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“

d) Í stað færslna 5b og 5e í hluta E.1.5 komi eftirfarandi:

„5b	Klóbundið mangan	Vatnsleysanleg vara sem inniheldur mangan sem er efnafræðilega tengt viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	5% af vatnsleysanlegu mangani, þar sem a.m.k. 80% af vatnsleysanlega manganinu er klóbundið með viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	Heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu mangani og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt mangan (Mn) Valkvætt: Heildarmagn mangans (Mn) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Mangan (Mn) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu mangani og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli
5e	Manganáburður í lausn	Vatnslausn af tegund 5a og/eða 5b	2% af vatnsleysanlegu mangani	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti ólifrænu mínusjónarinnar eða /jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu mangani ef það er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt mangan (Mn) Valkvætt: Heildarmagn mangans (Mn) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Mangan (Mn) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu mangani og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“

e) Í stað færslna 7b og 7e í hluta E.1.7 komi eftirfarandi:

„7b	Klóbundið sink	Vatnsleysanleg vara sem inniheldur sink sem er efnafræðilega tengt viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	5% af vatnsleysanlegu sinki, þar sem a.m.k. 80% af vatnsleysanlega sinkinu er klóbundið með viðurkenndum klóbindli eða -bindlum	Heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt sink (Zn) Valkvætt: Heildarmagn sinks (Zn) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Sink (Zn) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli
7e	Sinkáburður í lausn	Vatnslausn af tegund 7a og/eða 7b	2% af vatnsleysanlegu sinki	Skylt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti ólifrænu mínusjónarinnar eða -jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki ef það er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Vatnsleysanlegt sink (Zn) Valkvætt: Heildarmagn sinks (Zn) sem er klóbundið með viðurkenndum klóbindlum Sink (Zn) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“

f) Í hluta E.1.7 bætist eftirfarandi færsla 7f við:

„7f	Sinkáburður í sviflausn	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tegundir nr. 7(a) og/eða 7(c) og/eða 7(b) í vatni	20% heildarinnihald sinks	Skyllt er að tilgreina í tegundarheitinu: 1) heiti mínusjónarinnar eða -jónanna 2) heiti hvers viðurkennds klóbindils sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki ef það er til staðar og sem unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli	Heildarinnihald sinks (Zn) Vatnsleysanlegt sink (Zn), ef það er til staðar Sink (Zn) sem er klóbundið með hverjum viðurkenndum klóbindli sem klóbindur a.m.k. 1% af vatnsleysanlegu sinki og unnt er að auðkenna og magngreina samkvæmt Evrópustaðli“
-----	-------------------------	--	---------------------------	--	---

3) Hluta E.2. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar hluta E.2 komi eftirfarandi:

„E.2. Lágmarksinnihald snefilefna, gefið upp sem hundraðshluti af þyngd áburðar; tegundir blandaðs snefilefnaáburðar“

b) Í stað fyrirsagnar hluta E.2.1 komi eftirfarandi:

„E.2.1. Lágmarksinnihald snefilefna í áburðarblöndum í föstu eða fljótandi formi sem innihalda snefilefni, gefið upp sem hundraðshluti af þyngd áburðar“,

c) Í hluta E.2.1 falli brott setningarnar tvær sem koma á eftir tölfunni.

d) Í stað fyrirsagnar hluta E.2.2 komi eftirfarandi:

„E.2.2. Lágmarksinnihald snefilefna í EB-áburði sem inniheldur aðal- og/eða aukaningarefni ásamt snefilefnum og er borinn á jarðveg, gefið upp sem hundraðshluti af þyngd áburðar“,

e) Í stað fyrirsagnar hluta E.2.3 komi eftirfarandi:

„E.2.3. Lágmarksinnihald snefilefna í EB-áburði sem inniheldur aðal- og/eða aukaningarefni ásamt snefilefnum og er úað á lauf, gefið upp sem hundraðshluti af þyngd áburðar“,

f) Eftirfarandi hluti E.2.4 bætist við:

„E.2.4. Áburðarblöndur í föstu eða fljótandi formi sem innihalda snefilefni

Nr.	Tegundarheiti	Upplýsingar um framleiðsluáferð og undirstöðuefni	Lágmarksheildarinnihald snefilefna (hundraðshluti miðað við þyngd) Upplýsingar um hvernig næringarefni skuli gefin upp Aðrar kröfur	Aðrar upplýsingar sem tengjast tegundarheiti	Næringarefnainnihald sem skylt er að gefa upp Form og leysni næringarefna Aðrar viðmiðanir
1	2	3	4	5	6
1	Blanda snefilefna	Vara sem er framleidd með blöndun tveggja eða fleiri tegunda E.1. áburða	Heildarmagn snefilefna: 5% miðað við massa áburðarins Sérhvert snefilefni samkvæmt hluta E.2.1	Skylt er að tilgreina í tegundarheiti: 1) heiti ólífrænna mínusjóna, ef þær eru til staðar 2) heiti viðurkenndra klóbindla, ef þeir eru til staðar	Heildarinnihald hvers næringarefnis Vatnsleysanlegt innihald hvers næringarefnis, ef þau eru til staðar Snefilefni sem eru klóbundin með hverjum klóbindli eða -bindlum, ef þau eru til staðar
2	Blanda snefilefna á fljótandi formi	Vara sem er framleidd með því að leysa upp tvær eða fleiri tegundir E.1 áburðar í vatni	Heildarmagn snefilefna: 2% miðað við massa áburðarins Sérhvert snefilefni samkvæmt hluta E.2.1	Skylt er að tilgreina í tegundarheiti: 1) heiti ólífrænna mínusjóna, ef þær eru til staðar 2) heiti allra viðurkenndra klóbindla, ef þeir eru til staðar	Heildarinnihald hvers næringarefnis Vatnsleysanlegt innihald hvers næringarefnis, ef þau eru til staðar Snefilefni sem eru klóbundin með sérhverjum viðurkenndum klóbindli eða -bindlum, ef þau eru til staðar“

4) Í hluta E.3.1 bætist eftirfarandi færsla við:

„Iminódírafýsra

IDHA

C₈H₁₁O₈N

131669-35-7“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað aðferðar 2.6.2 komi eftirfarandi:

„Aðferð 2.6.2

Ákvörðun á heildarinnihaldi köfnunarefnis í áburði, sem inniheldur einungis köfnunarefni í formi nitrats, ammoníaks og þvagefnis, með tveimur mismunandi aðferðum

EN 15750: Áburður. Ákvörðun á heildarinnihaldi köfnunarefnis í áburði, sem inniheldur einungis köfnunarefni í formi nitrats, ammoníaks og þvagefnis, með tveimur mismunandi aðferðum.

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 2) Eftirfarandi aðferð 2.6.3 bætist við:

„Aðferð 2.6.3

Ákvörðun á þvagefnisþéttum með háþrýstivökvaskiljun — ísóbútýlendíúrea og krótónýlídendíúrea (aðferð A) og metýlenúreaafaliður (aðferð B)

EN 15705: Áburður. Ákvörðun á þvagefnisþéttum með háþrýstivökvaskiljun Ísóbútýlenúrea og krótónýlídendíúrea (aðferð A) og metýlenúreaafaliður (aðferð B)

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 3) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við sem fyrirsögn aðferðar 5:

„Koltvísýringur“

- 4) Eftirfarandi aðferð 5.1 bætist við:

„Aðferð 5.1

Ákvörðun á koltvísýringi — I. hluti: aðferð fyrir áburð í föstu formi

EN 14397-1: Áburður og kölkunarefni. Ákvörðun á koltvísýringi. I. hluti: aðferð fyrir áburð í föstu formi

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

- 5) Í stað aðferðar 8.9 komi eftirfarandi:

„Aðferð 8.9

Ákvörðun á súlfatinnihaldi með þremur mismunandi aðferðum

EN 15749: Áburður. Ákvörðun á súlfatinnihaldi með þremur mismunandi aðferðum

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“
